



Grunnskóli Hornafjarðar

**Valhefti  
í 9. og 10. bekk  
veturinn  
2009-2010**



Nú fá nemendur sem verða í 7.-10. bekk næsta vetur í hendurnar valbækling sem við biðjum þá og foreldra þeirra að kynna sér vel. Markmið okkar er að auka áherslu á val á þessu aldurstigi og gefa nemendum þar með kost á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir geta sleppt öðrum. Öllu vali fylgir ábyrgð og með því að auka valið eykst ábyrgð nemenda á því námi sem þeir kjósa að taka sér fyrir hendur. Við leggjum líka áherslu á að valið aukist eftir því sem nemendur eldast í samræmi við þroska þeirra og getu.

Nemendur þurfa að hafa skilað inn valblaði í síðasta lagi 20. maí. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló eða Þórgunni.

### **Val í 9. og 10. bekk**

Í 9. og 10. bekk leggjum við nú aukna áherslu á val. Val í 9. bekk er fyrst og fremst í list- og verkgreinum (smiðjum) en í 10. bekk geta nemendur einnig valið um að stunda bóklegt nám í FAS hafi þeir náð tilskildum árangri í ákveðnum bóklegum greinum. Þeir sem velja bóklegt val í FAS í 10. bekk geta sleppt vali í list- og verkgreinum (smiðjum).

### **Smiðjur**

Næsta vetur gefst nemendum í 9. og 10. bekk færi á að vera í sex svokölluðum smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði verða heimilisfræði, leiklist, myndmennt, smíðar, textíl og tölvur. Hér á eftir verða talin upp viðfangsefni í öllum þessum greinum samtals 24 viðfangsefni og biðjum við nemendur að velja fjögur viðfangsefni sem þeir merkja númer eitt, fjögur sem þeir merkja númer tvö og fjögur sem þeir merkja númer þrjú. Við reynum að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en hugsanlega gengur það ekki upp og því þurfum við að hafa hitt til vara. Athugið það má velja sömu greinina á öllum tímabilum t.d. smíðar ef þið hafið áhuga á því.

Athugið að þeir nemendur í 10. bekk sem velja þýsku 103, 203 og stærðfræði 103, 203 þurfa ekki að velja list- og verkgreinar því þeir verða í þýsku eða stærðfræði á sama tíma og list og verkgreinar verða kenndar.

## Heimilisfræði

### Óvissuferð

Við heimsækjum hornfirsk matvælafyrirtæki, kynnumst því sem þau bjóða upp á og nýtum okkur hráefni og hugmyndir frá þeim í eldhúsinu.

Einnig fá nemendur tækifæri til að koma með uppáhaldsuppskrift að heiman.



### Úr ríki Vatnajökuls

Nemendur elda og baka úr því hráefni sem hægt er að nálgast heima í héraði eins og t.d. kartöflu, rabarbara, fisk og hinar ýmsu fuglategundir. Einnig verður rætt um hefðir og siði í matargerð fyrr og nú.

### Kökur, brauð, konfekt og ábætisréttir:

Hér stiklum við á stóru í brauðgerð og girnilegum kökum, konfekt og fljótlegum eftirréttum.


### Heilsuefning og heimilislegur matur:

Nemendur leyfa sköpunargleðinni að njóta sín í að elda einfaldan heimilislegan mat þar sem hollusta og fjölbreytni er í fyrirrúmi.

## Leiklist

### Leiklist

Leikræn tjáning. Hér verður leitast við að nemendur kynnist og læri þá grunnfærni sem leiklistin krefst en það er að setja sig í spor annarra. Það verður farið þannig að, að unnið er með einbeitingaræfingar, leiki sem tengjast leiklist. Unnið verður með spuna og persónusköpun, texta, framsögn og raddbeitingu. Kynnt verða ólík leikhúsform og kíkt á sögu leiklistarinnar í gegnum aldirnar.



## Sviðslist

Farið verður í hefðbundnar upphitunaræfingar og leiki, og unnið með valið leikverk (einþáttung). Sett verður upp lítið leikrit og sýnt fyrir skólann, tengt bókmenntakennslunni. Allir þættir leikhússins verða teknir fyrir og skoðaðir, þ.e. persónusköpun og bakgrunnur og texti skoðaður og túlkaður. Upp úr því unnar persónubækur og farið í búningavinnu, leikmyndagerð, ljósavinnu og leikmunagerð.

## Leikhússport

Nemendur læra að keppa í leiklist líkt og íþrótt, auðga með sér ímyndunaraflið og efla færni sína í sviðsleik, látbragði og túlkun. Að á sjálfsögðu verður unnið áfram í hefðbundinni upphitun og leikjum. Kíkt verður á grímuleik, látbragðsleik og trúðsleik.

## Götuleikhús

Nemendur fá grunnþjálfun í skipulagningu og vinnu í götuleikhúsi. Unnin atriði sem sett verða upp á Humarhátíð. Stultugangur, unnin götugervi og innra eðli trúða kannað, farið í leikspuna, útileik og falið leikhús.


## Myndlist

### Margskonar myndlist

Þetta er tækifæri fyrir nemendur að fá að skapa sjálfir, vinna út frá eigin hugmyndum að myndverkum.

Grunnþættir myndlistar eru hafðir í huga og nemendur fá útrás fyrir sköpunargleði sína. Unnið er með mismunandi miðla, s.s. málningu, blek, kol, blýant og fleira.

Nemendur safna verkum sínum í möppu og fara með heim að skólaárinu loknu.



### Listasaga

Listasagan kennir okkur alltaf eitthvað nýtt og gefur okkur hugmyndir að því sem okkur langar að prófa og gera sjálf. Stefnurnar og þeir listamenn sem skarað hafa fram úr í ákveðnum stefnum eru viðfangsefni verkefnanna. Verkefnin eru margvísleg og nemendur fá útrás fyrir sköpunarþörf sína við úrvinnslu verkefnanna. Nemendur geta einnig komið með sínar eigin hugmyndir og unnið út frá þeim í tengslum við kennsluna.

Nemendur safna verkum sínum í möppu og fara með heim að skólaárinu loknu.

### **Skúlptúrar og samtímalist**

Hér verður samtímalist aðalviðfangsefnið og þá einna helst stytur og annars konar skúlptúrar. Unnið verður með verðlaus efni eins og trékubba og ýmislegt sem til fellur og hægt er að nota í skúlptúragerð. Einnig verður notaður pappmassi og jafnvel gifs eða annað mótunarefni. Skissugerð og hugmyndavinna fylgir skúlptúragerð.

Nemendur fara með afraksturinn heim að skólaárinu loknu.

### **Grafík, þrykk og fjölfelldi**

Hér er farið í margskonar myndlistarvinnu. Verkefni eru margvísleg t.d. er skorið út í grafíkdúk og myndir þrykkar á þann hátt, einnig er farið í annars konar fjölfelldi, t.d. límþrykk, pappþrykk og notkun ljósritara. Grunnþættir myndlistar fléttast eflaust í kennsluna svo og listasaga og stefnur og straumar í myndlist. Nemendur kynnast nýjum hlutum sem ekki hefur verið farið mikið í áður.

Nemendur safna verkum sínum í möppu og fara með heim að skólaárinu loknu.

## **Smíðar**

### **Trésmíði**

Borðlampi, efniviður valinn í samráði við kennara.

Ausa / skeið, smíðuð úr whitewood eða öðrum góðum við, skaft hugsanlega útskorið. Stytta eða skúlptúr úr einhverjum við.

Nemendur velja eitt af þessum verkefnum, teikna það og hanna og breyta þannig hugmynd sinni í fast form.

### **Málmsmíði**

Málmsmíðaverkefni verða t.d. skeið, skál, myndarammi, kertastjaki, bókamerki og skartgripir s.s. hringar, hálsmen, nælur o.fl..

Nemendur stíga sín fyrstu skref í rafsúðu og logsúðu.



## **Glervinna**

Byggt verður á fyrri reynslu og þeim grunni sem nemendur fengu í 7. bekk í glerskurði. Nemendur smíða stærri og flóknari hluti úr gleri s.s. gluggamyndir og skálar.

## **Hátæknival**

Rafmagnsverkefni með lágspenntri rafrás, t.d. útvarp, þjófavörn, blikkandi jólaljós, dyrabjalla o.fl.. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur nái að klára öll ofangreind verkefni heldur velji á milli þeirra í samráði við kennara.

## **Textílmennt**

### **Körfugerð/skartgripagerð**

Í körfugerð eru unnin tvö skylduverkefni. Nemandi lærir um tágar og hvernig á að meðhöndla þær og ef tími gefst til geta nemendur hannað og unnið sína eigin körfu. Í skartgripagerð eru unnin t.d. hálsmen og armbönd úr steinum og perlum og annað ef tími vinnst til.

### **Bútasaurur**

Nemendum eru kynntar mismunandi tegundir bútasaurms. Þeir velja sér síðan þær tegundir sem þeir vilja prófa og búa til einhvern hlut. Lögð er áhersla á að þeir spái í litaval og sjái útkomuna fyrir sér. Útkoman getur t.d. verið veski, taska, dúkur, veggmynd og/eða annað.

### **Mynsturprjón/hekl**

Nemandi velur sér verkefni að vild t.d. húfu, tösku, vettlinga eða sokka. Nemandi lærir að prjóna og/eða hekla eftir leiðbeiningum og uppskriftum. Til að ná árangri getur verið um heimavinnu að ræða.

### **Íslenskur útsaurur**

Nemendur læra helstu undirstöðuatriði í útsauri, t.d. að gera mynstur og færa þau yfir á efni, velja saman liti og garn, ýmis útsaumsspör og frágang á verkum. Skylduverkefnið er Skaftafellsrós eða Örafahnútar, ísaumað með gamla krosssaumnum.

## Tölvur



### Ljósmyndun og myndvinnsla

Stafrænar myndavélar eru á flestum heimilum í dag og því er kjörið tækifæri í þessu námskeiði að draga vélarnar fram og gefa listamanninum í sér lausan tauminn.

Farið verður í grunnatriði stafrænnar ljósmyndunar, uppbyggingu myndefnis, almennar myndatökur, landslagsmyndir og einnig uppbyggingu myndasafns og skipulag. Unnið verður með myndir í myndvinnsluforritum og möguleikar þeirra kynntir. Haldið verður ljósmyndamaráðon og ljósmyndasýning. Er þetta ekki spennandi val fyrir flesta?

### Veggspjalda- og auglýsingagerð

Unnin verða veggspjöld, auglýsingar, bæklingar, bréfsefni og nafnspjöld, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Verkefni verða unnin í Office-pakkanum og myndvinnsluforritum.

Nemendur læra um helstu atriði í uppsetningu auglýsinga og veggspjalda ásamt notkun hinna ýmsu forrita við auglýsingagerð.

### Tölvur í leik og starfi

Farið verður vítt og breitt um tölvuheima. Unnið verður í Office-pakkanum, heimasíðugerð kynnt ásamt myndvinnslu fyrir heimasíður. Farið verður í vinnslu með hreyfimyndaforrit og margt fleira skemmtilegt gert. Lögð verður áhersla á að vinna með frí forrit, þ.e.a.s. forrit sem nálgast má ókeypis á netinu.

### 3D vinnsla og hljóð!

Unnið verður með teiknihugbúnaðinn magnaða Sketchup frá Google, hljóðvinnsluforritið Audacity, þrívíddarhönnunarhugbúnaðinn Prodesktops og margt fleira. Lögð verður áhersla á að vinna með forrit sem nálgast má á netinu.

## Blandað val í 9. og 10. bekk

Tveir tímar í viku verða ætlaðir í val næsta vetur þar sem nemendur í 7. – 10. bekk munu blandast saman. Valtímabilin verða fjögur, tvö fyrir áramót og tvö eftir áramót. Sumt val er þess eðlis að það nær yfir tvö tímabil eða jafnvel fjögur. Nú biðjum við nemendur um að merkja við þau fjögur viðfangsefni sem þeir myndu helst vilja taka fyrir í vali næsta vetur svo hægt sé að hefja skipulagningu á því. Ath. þeir nemendur í 10. bekk sem velja Grunn 103 eða Bók 103 þurfa ekki að velja í blönduðu vali.

### 1. Tónlist

Í þessum valáfanga ræður tónlistin ríkjum, eins og nafni ber með sér. Áhersla verður lögð á að kynna ákveðna listamenn bæði í tali og tónum. Horft verður á tónleikaupptökur ásamt fleira efni sem til fellur og lögð áhersla á að kynna tónlist síðustu áratuga, jafnt innlenda sem erlenda. Nemendur vinna verkefni sem tengjast viðkomandi tónlistarmönnum og tónlistarstefnum.

### 2. Myndmennt – gifs

Hér ætlum við að vinna með gifs. Við útbúum fólk eða dýr úr pappír, vír, límbandi og fleiru slíku og notum svo gifsbindi til að gera stytta úr því sem við höfum mótað. Þar á eftir málum við og skreytum styttuna okkar og gerum hana fína og flotta.




### 3. Myndmennt - glermálun

Í þessu vali ætlum við að prófa ýmsar tegundir af glermálun. Við málum á flöskur, glerkrukkur, smelluramma og fleira. Hugmyndaflugið er það sem skiptir máli.

### 4. Legó

Tæki og tól verða smíðuð úr legókubbum og virkni þeirra könnuð. Sum tækin verða knúin með rafmótor en önnur með handafli. Þrautir verða lagðar fyrir nemendur og þeir finna lausn með hjálp kubbanna. Nokkur eðlisfræðilögmál verða könnuð og hugmyndaflugið fær að njóta sín.



## 5. Legókeppnin

Fyrsta val tímabilð í legó er fyrst og fremst fyrir 7. bekkinga þar sem þeir fá tækifæri til að undirbúa sig fyrir Legókeppnina. Sú hefð hefur myndast að 7. bekkur tekur þátt í Legókeppninni og við ætlum að halda þeirri hefð í vetur. Þeir sem velja Legó á þessari önn verða þó að vera reiðubúnir að leggja töluvert meiri vinnu á sig en einungis þessa tvo val tíma á viku því undirbúningur fyrir Legókeppnina er töluvert meiri. Einnig verða þeir að vera reiðubúnir að sleppa stöku íþróttatíma eða öðru sem gæti rekist á undirbúning fyrir keppnina og hugsanlega leggja á sig heldur meira heimanám ef þeir verða að sleppa úr tímum í skólanum vegna undirbúnings.

## 6. Nýsköpun

Valnámskeið þar sem nemendur þróa nýsköpunarhugmynd sína yfir í veruleikann. Þeir stofna lítið fyrirtæki og breyta hugmynd sinni (vöru eða þjónustu) í söluvöru. Þeir gera líkön og frumgerðir eftir því sem við á. Nemendur gera markaðskönnun og viðskiptaáætlun o.s.frv..

## 7. Kvikmyndagerð

Í þessu vali ætlum við að gera myndband sem sent verður í myndbandasamkeppni 66°N. Viðfangsefnið er frjálst, má vera stuttmynd, tónlistarmyndband eða annað sem nemendum dettur í hug. Þetta val verður ekki einungis unnið í val tímunum heldur einnig utan þeirra því skila þarf myndbandinu inn fyrir lok september.



## 8. Skák

Lögð er áhersla á að nemendur hafi gaman og gagn af skákinni. Einnig verður leitað til ýmissa aðila um að koma og tefla fjöltefli við þátttakendur. Til greina kemur að þeir sem skara framúr fái að taka þátt í mótum á vegum Skáksambands Íslands. Helstu markmið eru að þátttakendur læri mannganginn, fái æfingu í að tefla og leysi ýmsar þrautir í skák.

## 9. Heimanám

Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Við mælum með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.

## 10. Upplestur – ræðumennska - fundarsköp

Í þessu vali ætlum við fyrst og fremst að æfa okkur í að ræðumennsku, upplestri og fundarsköpum. Við æfum okkur í að semja ræður og flytja, koma í pontu og standa fyrir máli okkar, að hlusta á aðra og ná aðalatriðum í málflutningi þeirra til að geta svarað og fleira.


## 11. Útivist

Útivistin verður í samstarfi við björgunarsveitina og ferðafélagið og er kennd í törnum. T.d. farið upp í Lónsöræfi eina helgi að hausti og farið einn laugardag í ísklifur með björgunarsveitinni yfir veturinn. Við lærum á GPS og að lesa úr kortum og einnig að hnýta nokkra hnúta. Við förum í stuttar gönguferðir yfir veturinn og einnig verður farið í klettaklifur og sig. Kannski endum við svo veturinn með því að ganga á Skálatindana!



## 12. Boltaval

Í þessu vali ætlum við að taka fyrir allar boltagreinar: Blak, fótbolta, handbolta og körfubolta. Nú tökum við á því!



## 13.




### Förðun og tíska

Nemendur þurfa ekki að hafa neina þekkingu í greininni, heldur áhuga á förðun og tísku því að byrjað verður alveg frá grunni. Í förðun verður farið er í gegnum meðhöndlun á vörum og áhöldum og umhirðu á húðinni. Farið verður í grunnatriði í sambandi við förðun og mismunandi aðferðir sem að hægt er að nota. Fjallað verður um hvernig tíska og förðun fléttast saman, þróum frá mismunandi tímabilum og til dagsins í dag. Skoðaðar verða bækur um tímabilaförðun, tískutímarit og sýningar. Nemendur vinna tveir og tveir saman og gera vinnubók með mismunandi verkefnum.

## 14. Badminton

Við ætlum að æfa okkur í badminton og fara þar í ýmsar æfingar sem við komust aldrei yfir í venjulegum íþróttatímum.



## 15. Ljósmyndun

Í ljósmyndasmiðjunni ætlum við að læra ýmislegt tengt ljósmyndun. Við ætlum að læra á helstu stillingar á myndavélinni eins og ljósop, hraða, whitebalance og ISO, læra að taka góðar myndir án þess að þurfa að breyta þeim mikið í ljósmyndaforritum, finna myndaefni og hvernig við vinnum úr því, hvað þarf að hafa í huga þegar myndir eru teknar bæði úti og inni, við ætlum að gera heimasíðu á flickr.com þar sem við setjum inn myndir frá okku, halda ljósmyndasamkeppni og fleira og fleira...



## 16. Matreiðsla

Í matreiðslu í val tímum í vetur ætlum við að taka fyrir ákveðin þemu. Í fyrsta þema verður það *Létt og ljúffengt* en þá matreiðum við t.d. amerískar pönnukökur og ítalskt brauð. Í öðru þema höfum við *Alþjóðlegt yfirbragð* og eldum t.d. Taco kjötbrauð og franska súkkulaðiköku.

## 17. Útivera

Í útiveru ætlum við að vera úti og gera allt það sem okkur dettur í hug. Hugmyndir nemenda um hvað hægt er að gera í útiveru verða vissulega teknar til greina. Við munum vera innanbæjar í langflestum tilfellum og nýta okkur það sem við höfum. Farið verður í hjólaferðir, á skauta, línuskauta, í alls konar leiki, og búnir til ratleikir. Við förum í göngur um bæinn með mismunandi markmið í huga, t.d. í fuglaskoðun með leiðsögumanni, í Hrossabitahaga, Óslandið, í Boot Camp, notum útistöðina hjá Júllatúninu, förum í kubb, gætum tekið upp kvikmynd/ljósmyndir og margt fleira. Við lærum að elda úti í náttúrunni og klæða okkur eftir veðri og reynum að finna okkur eitthvað skemmtilegt að gera úti, sama hvernig veðrið er! Við munum vera dugleg að taka myndir og halda úti heimasíðu um útiverustarfið.



## Val fyrir 10. bekk í FAS

### **Þýs 103 – Þýska, framburður og orðaforði**

Í upphafi verða kynnt nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd (svo sem lega, stærð og íbúafjöldi), helstu samskipti milli þeirra og Íslands (t.d. verslun, ferðamennska og framhaldsnám) og skyldleiki íslensku og þýsku. Síðan er unnið með einfalda texta sem tengjast reynsluheimi nemendanna. Lögð er megináhersla á þjálfun framburðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar.

Kennd fyrir áramót kl. 8. – 9 mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag að mestu á sama tíma og smiðjur. Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð einkunninni 8 eða hærra í íslensku, dönsku og ensku.

### **ÞÝS 203 – Þýska, orðaforði og málfræði**

Orðaforði og málfræðiatríði, sem komið hafa fram í undanfaranum, eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi, þ.e. bætt er við orðaforða, bæði virkum og óvirkum, svo og málfræði. Áfram er lögð sérstök áhersla á samtalsæfingar í para- og/eða hópvinnum. Nemendur eru nú hvattir til að búa sjálfir til samtöl, bæði munnlega og skriflega. Unnið er m.a. með texta sem varpa ljósi á daglegt líf unglunga og nokkrar helstu venjur og siði hjá þýskumælandi þjóðum. Nemendur fá innsýn í minnistækni og læra að tengja saman skyld orð málfræðilega og merkingarlega.

Kennd eftir áramót kl. 8. – 9 mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag að mestu á sama tíma og smiðjur. Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa lokið þýsku 103.

### **STÆ 103 – Stærðfræði, jöfnur, rúmfræði og hlutföll**

Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna og þrauta. Meginviðfangsefnin eru á sviði rúmfræði en jafnframt er talnameðferð rifjuð upp og jöfnur. Fjallað er um nokkur hugtök evklíðskrar rúmfræði og hlutverk hennar í vestrænni menningu, hnitakerfið og jöfnu beinnar línu. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hlutfallshugtakið frá mörgum hliðum.

Kennd fyrir áramót kl. 8. – 9 mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag að mestu á sama tíma og smiðjur. Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð einkunninni 8 eða hærra í stærðfræði í 8. og 9. bekkjar.

### **STÆ 203 – Stærðfræði, algebra og föll**

Í áfanganum er lagður grundvöllur að skilningi á rauntalnakerfinu og fallhugtakinu ásamt góðri færni í algebru. Fjallað er um ýmsar gerðir jafna og ójafna og algebru og tugabrot í sögulegu samhengi.

Auk smærri verkefna vinni nemendur a.m.k. eitt samvinnuverkefni eða ritgerð um efni tengt inntaki áfangans, t.d. um sögulegt efni.

Kennd eftir áramót kl. 8. – 9 mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag að mestu á sama tíma og smiðjur. Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa lokið STÆ 103.

### **GRT 103 - Grunnteikning**

Teiknilestur I, tegundir lína, teikniáhöld, teikniskrift. Einfaldar hornréttar fallmyndir, mælikvarðar, málsetning, flatarteikning og fríhendisteikning.

Kennd fyrir áramót kl. 15:10 – 16:10 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

### **LSU 102 - Logsuða**

Markmiðið er að gera nemandann hæfan til að umgangast og fara með logsuðu- og logskurðartæki svo og rafsúðuvélar, og öðlast þekkingu á notkun þeirra í atvinnulífinu og nemandinn geri sér grein fyrir þeim hættum sem getur stafað af suðutækjum ef ekki er gætt fyllstu varúðar og viðeigandi búnaður notaður.

Gerð grein fyrir notkun acetylen-gass og súrefnis til málmsuðu og logskurðar. Farið yfir flokkun og stöðlun á húðun rafsúðuvíra. Kynnt súr og gashylki og meðferð þeirra. Allir hlutar logsuðutækja og notkunar svið þeirra kynnt. Verklegar æfingar: lárétt og lóðrétt logsuða og logskurður. Lóðun með kopar- og silfurslaglóði. Gerðir rafsúðuvéla kynntar, eiginleikar þeirra og notkunar svið. Verklegar æfingar í láréttri og lódréttri rafsúðu. Öryggisþættir varðandi log- og rafsúðu kynntir.

Þessi áfangi verður kenndur í lotum á haustönn bæði á skólatíma og fyrir utan.

## **RSU 202 – Rafsuða**

Að nemandinn geti gert sér grein fyrir spennum sem myndast við rafsuðu og hvernig skuli bregðast við þeim. Að öðru leyti haldið áfram með sömu þætti og í LSU102.

Nemendum gerð grein fyrir spennum sem myndast við rafsuðu og hvernig skuli bregðast við þeim í meginatriðum. Farið yfir öryggisþætti við rafsuðu og logsuðu. A-mál kynnt. Verklegar æfingar í lóðrétt-stígandi og lóðrétt-fallandi hliðarsuðu og uppundirsuðu með rafsuðu. Verklegar æfingar í rörasuðu með logsuðutækjum og logskurði með hjálpartækjum. Sýnikennsla í skurði með plasma.

Þessi áfangi verður kenndur í lotum á vorönn, bæði á skólatíma og fyrir utan.

## **BÓK 103 – Bókfærsla**

Fjallað er um grundvallaratriði bókhalds, dagbókarfærslur, opnun og lokun höfuðbókar og tengsl þessara bóka. Kenndur reikningsjöfnuður með einföldum athugasemdum. Helstu undirbækur kynntar. Kennt að merkja fylgiskjöl og færa dagbók eftir þeim. Nemendum gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhalds og sagt frá helstu bókhaldslögum til skilningsauka. Kynntar allar helstu bókhaldsbækur og mismunandi aðferðir við færslu bókhalds í fyrirtækjum. Mikil áhersla lögð á vönduð vinnubrögð nemenda og góðan frágang.

Kennd eftir áramót kl. 15:10 – 16:10 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð einkunninni 8 eða hærra í stærðfræði. Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

# Valblað

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

## Smiðjur

Hér á eftir verða talin upp viðfangsefni í þessum greinum alls 24 viðfangsefni og biðjum við nemendur um að velja fjögur viðfangsefni sem þeir merkja númer eitt, fjögur númer tvö og fjögur númer þrjú. Við reynum að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en hugsanlega gengur það ekki upp og því þarf að hafa hitt til vara. Athugið það má velja sömu greinina á öllum tímabilum t.d. smíðar ef þið hafið áhuga á því.

Athugið að þeir nemendur í 10. bekk sem velja þýsku 103, 203 eða stærðfræði 103, 203 þurfa ekki að velja list- og verkgreinar því þeir verða í þýsku á sama tíma og list- og verkgreinar verða kenndar.

### 1. Heimilisfræði

- |                     |     |                                  |     |
|---------------------|-----|----------------------------------|-----|
| Óvissuferð          | ( ) | Kökur, brauð, konfekt og....     | ( ) |
| Úr ríki Vatnajökuls | ( ) | Heilsuefling og heimilisl. matur | ( ) |

### 2. Leiklist

- |              |     |             |     |
|--------------|-----|-------------|-----|
| Leiklist     | ( ) | Sviðslist   | ( ) |
| Leikhússport | ( ) | Götuleikhús | ( ) |

### 3. Myndlist

- |                            |     |                             |     |
|----------------------------|-----|-----------------------------|-----|
| Margs konar myndlist       | ( ) | Listasaga                   | ( ) |
| Skúlpturnar og samtímalist | ( ) | Grafík, þrykk og fjölfelldi | ( ) |

### 4. Smíðar

- |             |     |           |     |
|-------------|-----|-----------|-----|
| Trésmíði    | ( ) | Málmsmíði | ( ) |
| Hátækni-val | ( ) | Glervinna | ( ) |

### 5. Textíl

- |                      |     |                    |     |
|----------------------|-----|--------------------|-----|
| Körfu/skartgripagerð | ( ) | Bútasaurur         | ( ) |
| Mynsturþrjón/hekl    | ( ) | Íslenskur útsaurur | ( ) |

### 6. Tölvur

- |                                |     |                         |     |
|--------------------------------|-----|-------------------------|-----|
| Ljósmyndun og myndvinnsla      | ( ) | Tölvur í leik og starfi | ( ) |
| Veggspjalda- og auglýsingagerð | ( ) | 3D vinnsla og hljóð     | ( ) |

## Valhópur

Nú átt þú að velja þér valhópa fyrir næsta vetur. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil (fyrir áramót) þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar sinnum og 3 tvisvar sinnum. Við reynum að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá notum við 2. eða 3. val.

- |  |     |                     |     |
|--|-----|---------------------|-----|
| 1. Tónlist                             | ( ) | 11. Útivist         | ( ) |
| 2. Myndmennt – gifs                    | ( ) | 12. Boltaval        | ( ) |
| 3. Myndmennt – glermálun               | ( ) | 13. Förðun og tíska | ( ) |
| 4. Legó                                | ( ) |                     |     |
| 5. Legókeppnin                         | ( ) | 14. Badminton       | ( ) |
| 6. Nýsköpun                            | ( ) | 15. Ljósmyndun      | ( ) |
| 7. Kvikmyndagerð                       | ( ) | 16. Matreiðsla      | ( ) |
| 8. Skák                                | ( ) | 17. Útivera         | ( ) |
| 9. Heimavinna                          | ( ) |                     |     |
| 10. Upplestur – ræðumennska-fundarsköp | ( ) |                     |     |

## Val fyrir 10. bekk í FAS

Athugið að þeir nemendur í 10. bekk sem velja þýsku 103, 203 og stærðfræði 103, 203 þurfa ekki að velja list- og verkgreinar því þeir verða í þýsku eða stærðfræði á sama tíma og list- og verkgreinar verða kenndar.

- |  |     |
|--|-----|
| Þýs 103 – Þýska, framburður og orðaforði           | ( ) |
| ÞÝS 203 – Þýska, orðaforði og málfræði             | ( ) |
| STÆ 103 – Stærðfræði, jöfnur, rúmfræði og hlutföll | ( ) |
| STÆ 203 – Stærðfræði, algebra og föll              | ( ) |
| GRT 103 – Grunnteikning                            | ( ) |
| LSU 102 – Logsuða                                  | ( ) |
| RSU 202 – Rafsuða                                  | ( ) |
| BÓK 103 – Bókfærsla                                | ( ) |

**Vinsamlegast skilið valblaði fyrir 20. maí 2009.**